



18. maí 2023

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um skýrslu starfshóps um valkosti og greining á vindorku.

SAF – Samtök ferðapjónustunnar vísa í skýrslu starfshóps um Valkosti og greiningu á vindorku sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda 24. apríl 2023. Samtökin skiluðu inn meðfylgjandi umsögn (dags. 30. september 2022) til starfshópsins þegar eftir því var leitað. Samtökin vilja ítreka það sem kemur fram í þeirri umsögn um málið og vísa til hennar aftur.

Í skýrslu starfshópsins er ekki um eiginlegar tillögur að ræða heldur er dregin saman ýmis álitæfni og settir fram valkostir um hvaða leiðir eru færar. Samtökin taka undir með starfshópnum um að skýr og greinargóð heildarstefnumörkun stjórnvalda um virkjun vindorku sé mikilvæg. Samtökin telja að slík stefna þyrfti samþykki Alþingis enda er best að víðtæk sátt sé nauðsynleg þegar kemur að framtíðarsýn hvað varðar vindorku. Þá taka samtökin undir þau orð í loka kafla skýrslunnar að “vel útfærð og formlega samþykkt heildarstefna myndi án vefa geta myndað skýran ramma fyrir alla þá aðila, opinbera sem einkaaðila, sem vinna að málefnum og getur stuðlað að sátt.”

Samtökin lýsa yfir ánægju sinni með ferli og vinnu starfshópsins og greinargóðri skýrslu starfshópsins sem og upplýsandi skýrslu um regluverkið í Danmörku, Noregi, Skotlandi og Nýja-Sjálandi. Allt eru þetta gögn sem munu hjálpa stjórnvöldum við að taka næstu skref í þessu mikilvæga máli.

Eftir að hafa lesið skýrsluna um regluverkið í þessum löndum þá er alveg ljóst að Ísland er tugum ára á eftir samanburðarlöndunum. Aðrir virkjunarkostir eru okkur kunnir og innan okkar þekkingar og reynslu. Samtökin taka því undir með starfshópnum að umræða um vindorkuver getur ekki verið í tómarúmi gagnvart raforkukerfinu í heild sinni. Í því samhengi má nefna kafla í skýrslunni undir heitinu “Tiltæk jöfnunarorka til vindorkuframléiðslu”. Ef Ísland ætli sér að nýta raforku vindorkuvera til hins ýtrasta verða því að vera til staðar leiðir til að afhenda raforkukaupendum vindorkuvera raforku jafnvel þótt tímabundið hlé verði á raforkuframléiðslu þegar vindur blæs ekki.

Með ofangreint í huga þá hefur það sína kosti að styðjast við miðlægt og samræmt mat á öllum virkjunarkostum yfir ákveðinni stærð sé tryggð með heildaryfirsýn stjórnvalda á landsvísu og í því kerfi sé tekið tillit til fleiri sjónarmiða en þeirra sem koma fram við leyfisveitingu og því vilja samtökin ítreka þá afstöðu sína að þau telji

að vindorka eigi að heyra undir núgildandi lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingu landsvæða með sama hætti og aðrir virkjunarkostir gera. Samtökin leggja áherslu á að sömu reglur gildi um vindorkuver og aðra orkukosti. Undirliggjandi eru álitamál varðandi nýtingu lands, þ.m.t. röskun á náttúru og áhrif á verðmætasköpun í ferðaþjónustu í samanburði við uppbyggingu vatns-, jarðvarma- eða vindorkuvera. Ferlið og tafir þess kerfis hafa að einhverju leyti stafað af öðrum þáttum, t.d. pólitískar tafir líkt og kemur fram í skýrslunni.

Þess ber að geta að vindorkuver geta jafnvel haft víðtækari neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og ferðaþjónustustarfsemi á ákveðnum svæðum þar sem sýnileikasvið þeirra getur verið mun víðfeðmara en t.d. vatnsorkuvera. Því taka samtökin undir kafla 4.1 í skýrslunni að miklu leyti en þar eru útlistuð rök með því að vindorkukostir fari eftir lögum um rammaáætlun.

Gæta þarf að náttúruverðmætum við ákvörðun um vindorkuver

Samtökin telja mikilvægt að landslag, náttúruverðmæti og gildi upplifunar úti í náttúrunni, auk áhrifa á íbúðarbyggð, liggi til grundvallar skipulagi fyrir vindorkuver. Alla þessa þætti ætti að hafa í forgangi við mat á staðsetningu vindorkuvera. Þess vegna telja samtökin að stjórnvöld eigi að marka sér skýra stefnu um að vindorkuver eigi eingöngu að vera á afmörkuðum og fáum landsvæðum langt frá náttúruverndarsvæðum og að slíka stefnu verði að marka með skýrum hætti áður en frekari ákvarðanir um vindorkuver eru teknar. Skynsamlegasta staðsetning vindorkuvera út frá hagsmunum ferðaþjónustu og rannsóknum á upplifun ferðamanna, er á þeim svæðum þar sem áhrif þeirra eru hvað minnst á náttúru Íslands og náttúruupplifun ferðafólks. Á hafi, við iðnaðarsvæði eða við þéttbýli, þannig að þegar kemur að staðsetningu vindorkuvera á landi að valin séu röskuð svæði til virkjanna.

Í dag virðast vera uppi hugmyndir hjá sumum að fjöldi lítilla sveitarfélaga á landsbyggðinni eigi að hýsa vindorkuver og jafnvel að ákvarðanir um staðsetningu og byggingu þeirra skuli teknar hjá sveitarfélögum. Það er engin skynsemi í þeirri nálgun að mati samtakanna og engin rök mæla með því að ákvarðanir um svo gífurlega raskandi áhrif á umhverfi, náttúru og ferðaþjónustu verði á valdi einstakra sveitarfélaga. Áhrif vindorkuvera eru meiri en svo að þar gildi eingöngu hagsmunir einstaka sveitarfélaga, áhrifin ná lengra en það. Því þarf að vera stefna og sátt um hvert og eitt vindorkuver enda ná neikvæð áhrif langt út fyrir viðkomandi sveitarfélög. Ákvarðanataka um vindorkuver verður að grundvallast á almennri faglegri nálgun byggðri á skýrri stefnu stjórnvalda en ekki á skammtímahagsmunum einstakra sveitarfélaga.

Samtökin telja mikilvægt að benda á að til að röskun verði sem minnst af byggingu vindorkuvera þá eigi að byggja þau upp á röskuðum svæðum og nærri flutningslínunum og tengivirkjunum. Þá taka samtökin undir með því sem kemur fram í skýrslunni um að skýrslunni um sjónarmið sem stuðla að sem breiðustu sátt um uppsetningu vindorkuvera hér á landi. Þegar upp er staðið þá verður að nást sátt á milli hagnýtingar vindorku og annarra mikilvægra atvinnugreina, eins og ferðaþjónustunnar, til að tryggja að orkuskipti og orkuöryggi þjóðarinnar til framtíðar.

Samtökin áskilja sér rétt til koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, reading "Jóhannes Þór Skúlason". The signature is written in a cursive, flowing style.

*Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar*